



Viðmið um samskipti foreldra og starfsfólks

Tölvupóstur og sími

- Á meðan á kennslu stendur eru kennarar ekki til viðtals, þeir svara ekki tölvupósti né svara í síma.
- Erindum til kennara/stjórnenda er svarað eins fljótt og unnt er, leitast er við að svara innan tveggja virkra daga.
- Þoli erindið ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu skrifstofu skólans í síma 411-7670.
- Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki í kennara utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn beri til.
- Starfsfólk og nemendur eru að jafnaði ekki með kveikt á farsíma á meðan á kennslu stendur.
- Tölvupóstar eru eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál. Trúnaðarmál á ekki að ræða í tölvupósti.
- Almenna reglan er sú að starfsmenn skólans og foreldrar og/eða nemendur eru ekki vinir á samskiptamiðlum.
- Skólapóstur – brúna umslagið. Ef það er í töskunni eru í því gögn fyrir foreldra. Tæma strax, kynna sér innihaldið, kvitta og senda til baka í skólann.
- Kennarar eru með fastan vikulegan viðtalstíma. Foreldrar geta hringt á þessum tímum, sent tölvupóst og óskað eftir símtali/viðtali.

Mentor

- Í Mentor og á heimasíðu skólans má sjá upplýsingar um skólastarfið.
- Umsjónarkennari og aðrir kennarar setja inn heimavinnu á Mentor.
- Kennarar senda upplýsingapósta vikulega til foreldra/forráðamanna
- Aðgangur að Mentor fæst hjá skrifstofustjóra
- Skólastjórnendur senda reglulega pósta til foreldra.